

Ed.

287. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga. Þó skal því skylt að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna. Einnig skal það háð 22. gr. laganna um aðstoð.

2. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja fékk heimild Alþingis til þess að starfa áfram sjálfstætt, þegar lög um váttryggingarfélög fyrir vélbáta voru sett. Undanþága bátaábyrgðarfélagsins var tímabundin, en hefur nokkur undanfarin ár verið framlengd til tveggja ára í senn. Núverandi undanþága félaginu til handa er í bráðabirgðaákvæði laga nr. 61 31. maí 1947, um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip, og gildir til ársloka 1948. Hér er lagt til, að undanþága þessi haldist, en verði ótímabundin, þar sem það er nauðsynlegt, til þess að félagið hafi öruggan starfsgrundvöll að byggja á.

Reynslan hefur sýnt, að félagið á fullan rétt á því að öðlast slíkt starfsöryggi.